

Samkomulag

milli Golfklúbbsins Odds og Urriðaholts ehf.

um aðgang íbúa í Urriðaholti að Golfklúbbum Oddi

Golfklúbburinn Oddur og Urriðaholt ehf. gera hér með samkomulag um að fyrstu skráðir íbúar í fyrsta áfanga Urriðaholts (vesturhluti) hafi aðgang að Golfklúbbum Oddi.

Samkomulag þetta tryggir fyrstu íbúum félagsaðild að golfklúbbum án sérstaks inntökugjalds og þeim sem ekki kjósa að vera meðlimir í golfklúbbi frían aðgang í eitt ár að Ljúflingi, sem er sérstakur æfingavöllur.

Báðir aðilar leitist við að vinna sameiginlega að framtíðarhagsmunum Urriðavallar og útivistarsvæðisins í Urriðavatnsdölum. Eins munu aðilar vinna að því að efla gæði svæðisins og viðhalda þeim verðmætum sem þar eru til staðar.

Sérstakt samkomulag er gert um greiðslur Urriðaholts til Golfklúbbsins Odds vegna samnings þessa.

Garðabæ, 12. maí 2007



F.h Golfklúbbsins Odds
Páll Kristjánsson



F.h Urriðaholts ehf.
Jón Pálmi Guðmundsson